

Hafnarnefndarfundur Skagastrandarhafnar

Miðvikudaginn 11. desember 2006 var haldinn fundur í hafnarnefnd á skrifstofu Höfðahrepps kl 15.30. Á fundinn voru mættir: Adolf H. Berndsen, Jóhann Sigurjónsson, Árni Sigurðsson, Sævar Hallgrímsson, Gunnar Sveinsson, Þórey Jónsdóttir hafnarvörður og Magnús B. Jónsson sveitarstjóri.

Formaður, Adolf H. Berndsen setti fundinn og stjórnaði honum.

1. Gjaldskrá hafnarinnar

Fyrir fundinum lá tillaga sveitarstjóra um breytingu á gjaldskrá. Einnig lá fyrir fundinum skýrsla um fjárhag og gjaldskrá hafna sem unnin var af hag og upplýsingasviði Sambands íslenskra sveitarfélaga. Tillagan var rædd en hún var síðan samþykkt samhljóða.

2. Skipulag hafnarinnar framkvæmdir 2007-2008.

Fyrir fundinum lágu tillögur og útreikningar á lausnum þar sem fjallað er um lausn á því að rífa Ásgarð og endurbyggja hann eða lengja Miðgarð yfir að stösetningu Ásgarðs. Kostnaðaráætlun fyrir hvora lausn fyrir sig er hliðstæð og nemur rúmum 130 millj. króna. Hafnarnefnd ræddi fyrirbyggjandi hugmyndir og urðu miklar umræður um málið en ekki endanleg niðurstaða. Samþykkt að óska eftir fundi með tæknimönnum Siglingastofnunar.

3. Rekstur hafnarinnar

Rekstur 2006 og fjárhagsáætlun 2007.

Fyrir fundinum lágu gögn sem sýna rekstrarstöðu hafnarinna í byrjun desember en jafnframt tillögu að fjárhagsáætlun 2007.

Hafnarnefnd yfirfór fyrirbyggjandi gögn og samþykkti áætlunina fyrir sitt leyti með lítilsháttar breytingum.

4. Tillaga um þráðlaust net á höfninni.

Svohljóðandi tillaga lá fyrir fundinum:

Lagt er til að sett verði upp þráðlaus internetbúnaður á Skagastrandarhöfn sem sjómenn geti notað til að komast í internetsamband. Keyptur verði búnaður af gerðinni ZyXEL skv. meðylgjandi tilboði frá Tölvulistanum.

Lagt er til að innheimt verði gjald fyrir notkunina:

<i>1 vika</i>	<i>500 kr.</i>
<i>1 mánuður</i>	<i>1.500 kr.</i>

Tilgangur með uppsetningu þráðlauss búnaðar á höfninni er að veita notendum hafnarinnar betri þjónustu.

Hafnarnefnd ræddi tillöguna en hún var síðan samþykkt samhljóða.

5. Önnur mál.

Formaður tók til umræðu hvaða staða sé á upptökubraut fyrir smábáta og kallaði eftir hugmyndum um lausnir.

Umræður urðu um málið en ekki varð bein niðurstaða af umræðunni.

Fleira ekki tekið fyrir, fundi slitið kl. 17.45

_____	_____
_____	_____
_____	_____